



## Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 2.júní 2020

# Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

2.júní 2020, haldinn á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl. 08:00

Mætt til fundar: Axel Örn Sveinbjörnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Lárus Ármannsson, Ragna Lind Guðmundsdóttir, Ingólfur Bragi Arason og Ingólfur Daði Jónsson.

Einnig sátu fundinn Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri, er ritaði fundargerð og Sigurður Jónsson byggingafulltrúi í gegnum fjarfundarbúnað.

### Dagskrá:

#### 1. Lýsing á deiliskipulagi vegna Þverárvirkjunar

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við hreppsráð að deiliskipulagið verði auglýst og kynnt með vinnslutillögum á breytingu á aðalskipulaginu á Þverárvirkjun og streng yfir Helligheiði sem nú þegar liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.

#### 1. Húsnæðismál - stofnframlag

Lögð fram teikning frá Hrafnshóli að fyrirhuguðum íbúðum sem sveitarfélagið hefur samþykkt að byggja með stofnframlagi frá HMS. Samkvæmt grein 5.9.1 í skipulagsreglugerð um grenndarkynningu þá gildir það að þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdarleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi, eða húsaþyrpingar í dreifbýli og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu. Áður en umsókn um byggingar- eða framkvæmdaleyfi er grenndarkynnt skal skipulagsnefnd leggja mat á hvort framkvæmdin falli að framangreindum skilyrðum, eða hvort önnur atriði svo sem hvort framkvæmdin varði almannahagsmuni á einhvern hátt kalli á aðra málsmeðferð. Skipulags- og umhverfisnefnd telur framkvæmdina vera í samræmi við landnotkun, byggðarmynstur og þéttleika byggðar og leggur til að húsin tvö fari í grenndarkynningu og þau skuli grenndarkynnt í allri Skálanesgötu og í Kolbeinsgötu 42 - 64. Samþykkt með fimm atkvæðum. Lárus Ármannsson situr hjá og Ingólfur Bragi Arason greiðir atkvæði á móti og vill að framkvæmdin fari í deiliskipulag.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur jafnframt til við sveitarstjórn að unnið verði að deiliskipulagi í íbúabyggð, til dæmis í Skálanesgötu, í Holtahverfi og víðar.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 08:48.